

Puroc TR Mat

Tvívátta vatnsþynnanlegt pólýúreþanlakk

Efnislýsing

Puroc TR Mat er matt og glært tveggja þátta vatnsþynnanlegt pólýúreþan-akk, ætlað til verndar yfirborði með miklu álagi, t.d. gólf- og viðarborðplötur innanhúss; berar, bæsaðar eða málaðar. Lakkið hentar einnig sem parketlakk og myndar þar að auki margfalda aukavörn á málaða vegg og steinefnaundirlag. Puroc TR Mat er jafnframt frábær vörn á vissar tegundir af sementsgólflofti sem hannað er með lökkun í huga. Þegar glær Stuc Sealer grunnur er notaður undir lakkið helst litur flotsins óbreyttur. Sumt gólfloft er ekki ætlað til yfirlökkunar.

Puroc TR Mat hefur langan notkunartíma og er auðvelt í notkun, þornar hratt, þolir bleytu og kemísk efni vel, er höggþolið og afar slitsterkt. Lakkið er létt í þrifum og lyktarlítið og hentar því sérlega vel í rýmum þar sem leysiefnalakk er ekki leyft. Hentar ekki á bílskúrgólf.

Meðhöndlun

Nýsteypt og flotuð gólf verða að hafa staðið og harðnað vel áður en lakkað er, skv. upplýsingum birgja. Undirlagið þarf að vera nægilega þurr (<5% rakastig), fast í sér og ekki duftsmitandi.

- Fjarlægið ryk, olíu, fitu og önnur óhreinindi. Áður málað, slétt og/eða þétt yfirborð skal slípa matt til að tryggja viðloðun. Ef um gólfloft er að ræða þarf að opna það með slípun. Fjarlægið allt slípiryk með ryksugu.
- Grunnið ómálað flot með Stuc Sealer, 30% þynntu með vatni.
- Hrærið vel upp í stofndós Puroc TR Mat svo möttunarefni samlagist. Blandið síðan herðinum vandlega saman við og hrærið í á meðan. Notið til þess hæggenga borvél.
- Lakkið 2 umferðir með Puroc TR Mat. Ekki er hægt að nota sömu blöndu í báðar umferðir – blandið því fyrir hvora umferð fyrir sig.
- Leyfilegt er að blanda aukamagni af herði út í stofninn til þess að styrkja filmuna enn frekar eða allt að 1 á móti 9 hlutum herðis.

ATH. Þar sem vatns- og gönguálag er mjög mikið, t.d. í verslunum, er ráðlagt að nota Crafcó QF Pur resínglæru sem millilag til að byggja upp aukabykkt og styrkingu. Mikilvægt er að nota undirlakk/millilag af lakki á steinefnaspartl.

Heilsufars- og umhverfismál

Við þússon eða þegar málning er fjarlægð með hita geta myndast agnir eða gufur sem eru skaðlegar heilsunni. Ávallt skal vinna í vel loftræstu rými. Notið hlífðarbúnað (öndunargrímur) ef loftræsting er ónóg. Sjá einnig upplýsingar á öryggisblaði. Lokið dósinni vandlega. Þrifið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tómum umbúðum til endurvinnslustöðva.

Tæknilegar upplýsingar

Til notkunar: Innanhúss

Tegund: Pólýúreþan

Gljástig: Matt <20 GU

Lofthiti: 10-30°C

Yfirborðshiti við málung: 5-40°C

Hiti lakks: 10-30°C

Rakastig: Mest 80%. Góð loftræsting er mikilvæg við þornun, sérlega ef rakastig er hátt

Þurrefni: Í blöndu: Um 31% af rúmmáli

Þéttleiki: Í blöndu: 1,04 kg/dm³

Ráðlögð þykkt: Þurr: Um 30 míkrón á umferð (með pensli). Blautt: 100 míkrón. Þykktin sem næst í raun fer eftir hitastigi, loftræstingu, þynningarhlutfalli, grófleika yfirborðs o.fl.

Þurrktími við 20°C/60% raka: Rykþurr eftir 1 klst. Má ganga á eftir um 4 klst. Endurmálun eftir minnst 4 klst

Þynning: 2-5% með vatni ef þarf

Verkfæri: Penslar, rúllur

Hreinsun: Vatn

Blöndunarhlutfall: Þáttur A (stofn) er 19 hlutar af rúmmáli á móti 1 hluta af þætti B (herðir)

Blöndun: Efnin þarf að blanda saman með hæggengri borvél með þeytara

Þekja: 30 míkróna þurr umferð (100 míkrón blaut): um 12 m²/l. Þekjan fer grófleika yfirborðs, vinnsluáferð, vinnuáðstæðum o.fl.

Notkunartími blöndu: Um 4 klst við 20°C eftir samblöndun stofns og herðis (þættir A og B).

Efnið þykknar ekkert eftir þann tíma en missir vinnslueiginleika sína og hættir að mynda nothæfa filmu

Litur: Glært

Umbúðir: 1 og 2,5 lítra sett (stofn og herðir)

Geymsla: Í þurru, frostfríu rými við 5-30°C

Rokgjörn lifræn efni (VOC): EB hámark fyrir þessa vöru er (fl. A/j) 140 g/l (2010). Inniheldur mest 75 g/l

Varan er í samræmi við BREEAM HEA 9

